



## Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar

### MARKMIÐ

#### 1. gr.

Akureyrarbær veitir ár hvert styrki til félagasamtaka, fyrirtækja, sjálfseignarstofnana og einstaklinga vegna starfsemi, verkefna og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur eða forgangsröðun bæjarstjórnar. Markmiðið með styrkjunum er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að lífsgæðum, fjölbreytilegu mannlífi og farsælli þróun samfélagsins.

Styrkir samkvæmt reglum þessum skiptast í meginatriðum í þennt: *Smástyrkir* allt að kr. 100.000, *verkefnastyrkir fagráða* allt að kr. 600.000 og *styrkir samkvæmt samningum*, yfirleitt til lengri tíma um reglubundna starfsemi eða tiltekin stærri verkefni/viðburði.

#### 2. gr.

Markmiðið með þessum reglum er að samræma styrkveitingar á vegum Akureyrarbæjar og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra.

### ALMENNT

#### 3. gr.

Í fjárhagsáætlun hvers árs skal tilgreina þá upphæð sem heimilt er að úthluta í styrki á hverju málefnasviði. Viðkomandi fagráð gera tillögur til bæjarráðs við gerð fjárhagsáætlunar um árleg framlög til styrkja.

### SMÁSTYRKIR

#### 4. gr.

Bæjarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn í umboði sviðsstjóra geta afgreitt umsóknir um styrktarlínur og aðra styrki allt að kr. 100.000 á sínum fagsviðum til smærri tilfallandi verkefna eða starfsemi eftir því sem heimild er fyrir í fjárhagsáætlun. Sviðsstjóri skal einu sinni á ári gera viðkomandi fagráði grein fyrir þeim styrkjum sem afgreiddir hafa verið með þessum hætti.

Verkefnin eða starfsemin sem á rétt til styrks skal vera í mannúðar- og góðgerðarskyni, rekin í almannabágu og/eða í þágu æskulýðs.

5. gr.

Upplýsingar um smástyrki skulu vera aðgengilegar á heimasíðu bæjarins. Sótt er um *smástyrki* rafrænt í gegnum þjónustugátt sem er aðgengileg á heimasíðu bæjarins. Með umsókn þarf ásamt almennum upplýsingum um umsækjanda að fylgja lýsing á verkefni og markmiðum og styrkuppþæð sem sótt er um.

Tekið er við umsóknum um smástyrki allt árið.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, málefnaleg sjónarmið, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Smástyrkir þurfa að samræmast hlutverki sveitarfélagsins og/eða vera í samræmi við stefnu þess og áherslur.

## VERKEFNASTYRKIR FAGRÁÐA

6. gr.

Fagrád gera tillögur til bæjarráðs við gerð fjárhagsáætlunar um árleg framlög til verkefnastyrkja til þeirra málaflokka sem heyra undir viðkomandi fagrád. Bæjarráð fer einungis með úthlutun styrkja sem falla utan við verksvið annarra fagráða. Bæjarráð getur þó falið einstökum fagráðum að annast eftirlit með verkefnum sem það styrkir.

7. gr.

Fagrád sem úhluta styrkjum bera ábyrgð á auglýsingu verkefnastyrkja, meðferð styrkumsókna og úthlutun samkvæmt gildandi fjárhagsáætlunum. Fagrád geta gert samþykktir og vinnureglur innan ramma þessara reglna um eigið verklag við úthlutun styrkja.

Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um verkefnastyrki og úthluta á vettvangi fagráðs einu sinni til tvisvar á ári samkvæmt nánari samþykktum fagráða og/eða verklagsreglum um úthlutun styrkja. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn auk annarra hagnýtra upplýsinga.

Upplýsingar um verkefnastyrki skulu vera aðgengilegar á heimasíðu bæjarins.

8. gr.

Umsóknum um verkefnastyrki skal skilað í gegnum þjónustugátt bæjarins og er opið fyrir styrkumsóknir allt árið um kring. Ef umsókn berst utan auglýsts umsóknarfrest er hún tekin fyrir í næstu auglýstu úthlutun viðkomandi fagráðs og skal upplýsa umsækjanda um það.

Bæjarráð skal tvisvar á ári taka fyrir og afgreiða almennar styrkumsóknir sem borist hafa og falla utan verksviða annarra fagráða og þeirra styrktarsjóða sem heyra undir bæjarráð.

9. gr.

Í styrkumsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda auk upplýsinga um hvernig verkefni fellur að almennri stefnumörkun eða áherslum sveitarfélagsins á viðkomandi sviði. Í umsókn skal einnig koma fram:

- a Markmið verkefnis eða starfsemi.
- b Tíma- og verkáætlun.
- c Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings.
- d Aðrar upplýsingar ef við á.

Hafi umsækjendur áður fengið styrki frá Akureyrarbæ skal liggja fyrir yfirlit um nýtingu fyrri styrkja.

10. gr.

Styrkumsóknir skulu skráðar í skjalakerfi Akureyrarbæjar. Að umsóknarfresti liðnum fara sviðsstjórar yfir umsóknir og búa þær undir umfjöllun í viðkomandi fagráði. Sviðsstjórar leggja umsóknir fyrir ráð með rökstuddri tillögu að afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi ráðs. Ef stuðst er við umsagnir ráðgefandi aðila skulu þær jafnframt lagðar fram.

Afgreiðslu verkefnastyrkja skal lokið innan sex vikna frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Mikilvægt er að þau sem velja styrkþega gæti að hæfi sínu og lýsi sig vanhæf ef ástæða er til.

11. gr.

Umsóknir skulu metnar m.a. með hliðsjón af:

- a Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð.
- b Tengslum við stefnumörkun eða áherslur sveitarfélagsins hverju sinni.
- c Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf.
- d Hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
- e Hvort styrkveitingin samræmist Mannréttindastefnustefnu Akureyrarbæjar.
- f Væntanlegum árangri og ávinningi af starfseminni sem styrkurinn er ætlaður.
- g Fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn.
- h Verklagsreglum viðkomandi fagráðs um viðkomandi málaflokk

12. gr.

Styrkveiting gildir að jafnaði fyrir yfirstandandi fjárhagsár. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Akureyrarbæjar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis sbr. 14. gr.

13. gr.

Styrkir til einstakra verkefna geta falið í sér peningagreiðslu, en einnig önnur framlög bæjarins, svo sem vinnu starfsfólks og húsnæðisstyrk og skal meta styrkfjárhæðir með hliðsjón af heildarframlagi bæjarins hverju sinni.

## STYRKSAMNINGAR

14. gr.

Bæjarráð og fagráð í umboði bæjarstjórnar geta gert samninga um styrki til starfsemi sem uppfyllir skilyrði 1. gr. Slíka samninga má gera til allt að þriggja ára í senn en í þeim mega ekki vera ákvæði um að þeir framlengist sjálfkrafa. Í styrktarsamningum skulu vera ákvæði um fyrirvara vegna fjárhagsáætlunar. Af hálfu Akureyrarbæjar skal setja skilyrði í slíka samninga um:

- a Að allri styrkfjárhæðinni skuli varið til þeirrar starfsemi sem Akureyrarbær vill styrkja með samningnum.
- b Að fylgt sé þeim ákvæðum í mannréttindastefnu Akureyrarbæjar sem við eiga og fela í sér áherslu á fjölbreytni, jafna meðferð og vernd gegn mismunun í viðum skilningi.
- c Að styrkþegi skuli að loknu hverju starfsári skila greinargerð til ábyrgðarmanns samningsins af hálfu Akureyrarbæjar þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hvernig markmiðum samningsins hefur verið náð, kyngreindar upplýsingar um hverjir hafa notið styrksins þar sem því verður við komið og annað sem við á.
- d Að styrkþegi haldi bókhald samkvæmt lögum og reglum og hafi í starfi eða tryggt aðgang að aðila með þekkingu á sviði rekstrar, fjármálastjórnunar og bókhalds.
- e Að styrkþegi skili fjárhagsáætlun samþykkt af stjórn í upphafi hvers fjárhagsárs.
- f Að styrkþegi skuli innan eðlilegra tímamarka afhenda viðkomandi sviðsstjóra ársreikning félagsins. Ef styrkuppþæð er undir 10 milljónum króna skulu viðkomandi sviðsstjóri og sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar í sameiningu úrskurða um með hvaða hætti endurskoðun/áritun ársreiknings skal fara fram til að greiðsla styrks geti haldið áfram (t.d. með áritun félagskjörinna endurskoðanda). Ef styrkuppþæð er á bilinu 10 til 30 milljónir króna skal styrkþegi skila ársreikningi með könnunaráritun löggilts endurskoðanda og ef styrkuppþæð er hærri skal styrkþegi skila ársreikningi með fullri áritun löggilts endurskoðanda.
- g Að fjárhæðir séu með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.
- h Að samningar séu uppsegjanlegir með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.
- i Að vísað sé til þessara reglna í samningi.

## EFTIRLIT MEÐ MEÐFERÐ STYRKJA

15. gr.

Sviðsstjórar bera ábyrgð á eftirliti með meðferð einstakra styrkja og framkvæmd samninga til lengri tíma en eins árs. Þeim ber að fylgjast með hvort styrkir séu notaðir eins og til er ætlast og geta krafist þess að styrkþegar skili greinargerð að verkefni loknu um hvernig styrkjum hefur verið varið.

Sviðsstjóri skal a.m.k. einu sinni á ári kynna fyrir bæjarráði eða viðkomandi fagráði upplýsingar um framgang þeirra verkefna sem styrkur nær til ásamt öðrum upplýsingum sem styrkþegar hafa skilað inn. Jafnframt getur bæjarráð eða fagráð árlega boðað fulltrúa styrkþega á fund til að fjalla um framkvæmd samninga, fjárhags- og starfsáætlanir, ársreikninga og önnur mál sem tengst geta styrkveitingum samkvæmt samningum til lengri tíma.

Að jafnaði er gert ráð fyrir að styrkþegar skili til Akureyrarbæjar umbeðnum upplýsingum eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok fjárhagsárs. Ef misbrestur verður á því er sviðsstjóra fjársýslusviðs heimilt að stöðva greiðslur til viðkomandi styrkþega þar til úr hefur verið bætt.

16. gr.

Akureyrarbær áskilur sér rétt til að segja upp styrktarsamningi, rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

## ANNANÐ

17. gr.

Framlög Akureyrarbæjar sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði skulu metin skv. reiknireglum sveitarfélagsins um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

18. gr.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Akureyrarbæ skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

## GILDISTAKA

19. gr.

Reglur þessar taka gildi með samþykkt í bæjarstjórn 21. mars 2023